

Kristinn Jónasson

From: Breiðafjarðarnefnd <breidafjordur@nsv.is>
Sent: fimmtudagur, 27. október 2022 11:19
To: Ásgerður Guðbjörnsdóttir; grundarfjordur@grundarfjordur.is; Helgafellssveit Hreppsnefnd; Snæfellsbær; stykkisholmur@stykkiholmur.is; Sveitarstjóri Dalir; vesturbyggd@vesturbyggd.is
Subject: Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021 er komin á netið

Sæl,
Ég vil vekja athygli á því að starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar fyrir árið 2021 er komin á heimasíðu nefndarinnar.
<http://www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/starfsskyrslur/>

Með bestu kveðju,
Jakob

Jakob Stakowki, Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar
Náttúrustofu Vesturlands
Hafnargötu 3
340 Stykkishólmi
S. 844-5496



Náttúrustofa Vesturlands

17. ágúst 2022

Starfsskýrsla 2021

Skýrsla Breiðafjarðarnefndar til
umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra



BREIÐAFJARÐARNEFND

Efnisyfirlit

Inngangur	2
Aðsetur Breiðafjarðarnefndar	2
Skipan Breiðafjarðarnefndar	2
Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar	3
Fundir Breiðafjarðarnefndar	3
Kostnaður við störf nefndarinnar	3
Starfsemi á árinu 2021	5
Dagleg starfsemi	5
Umsögn um erindi	5
Heimasíða Breiðafjarðarnefndar	5
Bæklingar Breiðafjarðarnefndar	5
Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar	5
.....	6
Áherslumál	6
Framtíð Breiðafjarðar	6
Landvarsla við Breiðafjörð	8
Náttúru- og menningarminjar	9
Örnefnaskráning	9
Lokaorð	9

Inngangur

Breiðafjarðarnefnd starfar í samræmi við lög nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar, en tilgangur laganna er að stuðla að verndun Breiðafjarðar, einkum landslags, jarðmyndana, lífríkis og menningarminja. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga um vernd Breiðafjarðar.

Frá því að lög um Breiðafjörð voru samþykkt á Alþingi hafa orðið nokkrar breytingar á lögnum samhliða breytingum á öðrum lögum sem þau tengjast en lögin eru jafnóðum uppfærð á heimasíðu Alþingis, sbr. <https://www.althingi.is/lagas/146a/1995054.html>.

Aðsetur Breiðafjarðarnefndar

Skrifstofa Breiðafjarðarnefndar er, samkvæmt ákvörðun ráðherra, vistuð hjá Náttúrustofu Vesturlands, Hafnargötu 3 í Stykkishólmi og hefur svo verið frá árinu 2001.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Umhverfis-, orku og loftslagsráðherra, sem fer með stjórn mála er varða vernd Breiðafjarðar, skipar fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd. Breiðafjarðarnefnd skal árlega gefa ráðherra skýrslu um störf sín. Um skipan Breiðafjarðarnefndar er fjallað í 4 gr. laganna en þar segir m.a.: „Í nefndinni eiga sæti sjö menn, sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn sem hér segir: Sveitarfélög sem liggja að Breiðafirði tilnefna fjóra fulltrúa á þann hátt sem ráðherra ákveður í reglugerð, Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum einn sameiginlega og einn er tilnefndur af Minjastofnun Íslands. Ráðherra skipar einn mann í nefndina án tilnefningar og skal hann vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.“

Á árinu var skipað í nýja nefnd en skipunartími fráfarandi nefndar rann út þann 9. júní 2021. Í henni sátu eftirtaldir:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Karl Kristjánsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Úlfar B. Thoroddsen.
- Eyjólfur Ingvi Bjarnason, tilnefndur af Dalabyggð, til vara Bjarnheiður Jóhannsdóttir.
- Ragnhildur Sigurðardóttir, tilnefnd sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Sturla Böðvarsson.
- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Agnes Stefánsdóttir.
- Róbert A. Stefánsson, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Hulda Birna Albertsdóttir.

Sitjandi nefnd var skipuð af ráðherra þann 4. ágúst 2021. Í henni sitja eftirtaldir:

- Erla Friðriksdóttir, formaður, skipuð án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir.
- Karl Kristjánsson, tilnefndur af Reykhólahreppi, til vara Rebekka Eiríksdóttir.
- Arnheiður Jónsdóttir tilnefnd af Vesturbyggð, til vara Ólafur Helgi Haraldsson.
- Valdís Einarsdóttir, tilnefnd af Dalabyggð, til vara Eyjólfur Ingvi Bjarnason.
- Arnar Kristjánsson, tilnefndur sameiginlega af Stykkishólmsbæ, Helgafellssveit, Grundarfjarðarbæ og Snæfellsbæ, til vara Steinunn I. Magnúsdóttir.

- Magnús A. Sigurðsson, tilnefndur af Minjastofnun Íslands, til vara Ásta Hermannsdóttir.
- Sigurður Halldór Árnason, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vestfjarða og Náttúrustofu Vesturlands, til vara Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Starfsmaður Breiðafjarðarnefndar

Theódóra Matthíasdóttir, starfsmaður Náttúrustofu Vesturlands, gegndi starfi ritara Breiðafjarðarnefndar út september árið 2021 í 25% starfshlutfalli. Sérstakur samningur var gerður við Náttúrustofu Vesturlands um 35% starfshlutfall aukalega í janúar 2021 við að ganga frá samantekt nefndarinnar og tillögum hennar um framtíð Breiðafjarðar. Anna Hallgrímsdóttir tók við starfi ritara Breiðafjarðarnefndar 1. október 2021 í 25% starfshlutfalli.


Fundir Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hélt þrettán nefndarfundi á árinu 2021. Nefndin fundaði einnig með umhverfis- og auðlindaráðherra um tillögur sínar um framtíð Breiðafjarðar. Allir 13 fundir nefndarinnar árið 2021 fóru fram í gegnum fjarfundabúnaðinn Teams. Einn fundur var haldinn bæði í gegnum fjarfundabúnað og á staðnum í Stykkishólmi. Fundafyrirkomulagið á Teams hefur reynst vel á tímum heimsfaraldurs en framvegis mun nefndin reyna að hittast reglulega í eigin persónu samhliða Teams fundum.

Umfjöllun mála og afgreiðslur nefndarinnar er að finna í fundargerðum sem birtar hafa verið á heimasíðu nefndarinnar, www.breidafjordur.is.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Fjárveitingar til Breiðafjarðarnefndar árið 2021 skv. fjárlögum námu 10 milljónir kr. Myndin hér að neðan sýnir þróun fjárveitinga til Breiðafjarðarnefndar til ársins 2021, leiðrétt fyrir breytingum á launavísitölu. Samkvæmt þeim útreikningum hefur verðgildi framlagsins dregist saman um 52% á síðustu 18 árum.



Í töflunni hér að neðan má sjá yfirlit yfir ráðstöfun fjárveitinga nefndarinnar árið 2021.

Fjármál Breiðafjarðarnefndar 2021	
Rekstrartekjur	Bókað 2021
Ríkissjóður samkvæmt fjárlögum.....	10.300.000
Flutt frá fyrra ári.....	1.080.000
Tekjur alls	11.380.000
Rekstrargjöld	Bókað 2021
Rekstur nefndar	
Nefndalaun	382.806
Launatengd gjöld	58.535
Náttúrustofa skv. þjónustusamningi	9.612.073
Sími, internet og lén.....	32.685
Tölvuþjónusta.....	4.782
Annar kostnaður.....	63.724
SAMTALS	10.154.605
Fundagjöld	
Akstur	133.572
Dvalarkostnaður	11.900
Veitingar.....	78.482
Vettvangsferð.....	7.840
SAMTALS	231.794
Kostnaður við rannsóknir og verkefni:	
Bæklingagerð.....	32.990
Prentun bæklinga.....	200.373
Flutningur bæklinga.....	9.523
Annar kostnaður.....	33.169
SAMTALS	276.055
Rekstrargjöld alls	10.662.454
Rekstrarniðurstaða	2021
Tekjur samtals:	11.380.000
Gjöld samtals:	10.662.454
Afkoma	717.546

Starfsemi á árinu 2021

Hér að neðan er gerð stutt grein fyrir þeim verkefnum sem Breiðafjarðarnefnd vann að árið 2021.

Dagleg starfsemi

Umsögn um erindi

Á árinu 2021 fjallaði Breiðafjarðarnefnd, sem fyrr, um erindi sem nefndinni bárust. Flest voru erindi vegna skipulagsmála og umsagnir um frumvörp og reglugerðir. Varðandi afgreiðslu innsendra erinda er vísað í fundargerðir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar¹.

Heimasíða Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd heldur úti heimasíðu á slóðinni www.breidafjordur.is. Þar má m.a. nálgast fundargerðir og starfsskýrslur nefndarinnar, verndaráætlun og framkvæmdaáætlun auk annarra skýrslna sem nefndin hefur styrkt og sem tengjast náttúru og menningu Breiðafjarðar. Á síðunni er einnig að finna undirsíðu tileinkaða „fram tíð Breiðafjarðar“ en þangað hafa verið settar inn allar upplýsingar varðandi vinnu nefndarinnar um fram tíð Breiðafjarðar.

Bæklingar Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd hefur gefið út bæklingana „Breiðafjörður - Náttúra og saga“, „Fuglalíf á Breiðafirði“, „Hlunnindanýting á Breiðafirði“ og „Öryggi og umgengni á Breiðafirði“ á bæði íslensku og ensku. Bæklingunum er m.a. dreift án endurgjalds til ferðaþjónustuaðila við Breiðafjörð auk þess sem þeir eru aðgengilegir á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar².

Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar

Hefð er fyrir að Breiðafjarðarnefnd fari í eina vettvangsferð um verndarsvæðið á sumri hverju, einkum í þeim tilgangi að veita nefndarmönnum betri innsýn í náttúru og menningu svæðisins. Nefndin hafði áætlað vettvangsferð í Flatey þann 11. ágúst en vegna heimsfaraldurs Covid-19 varð að aflýsa þeirri ferð. Það varð þó úr að Erla Friðriksdóttir, formaður nefndarinnar, fór samferða umhverfis- og auðlindaráðherra og hans föruneyti í Flatey þann 11. ágúst. Tilgangur ferðarinnar var sér í lagi undirritun á auglýsingu um stækkun friðlandsins í Flatey, sem unnið hefur verið að síðastliðin ár.

¹ www.breidafjordur.is/breidafjardarnefnd/fundargerdir

² <http://www.breidafjordur.is/wp-content/uploads/2021/04/baeklingur-2019.pdf>



Umhverfis- og auðlindaráðherra, Guðmundur Ingi Guðbrandsson, ásamt formanni Breiðafjarðarnefndar, starfsfólki umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar, sem og fulltrúum ábúenda í eygni og Reykhólahrepps í Flatey þann 11. ágúst 2021.

Áherslumál

Framtíð Breiðafjarðar

Þann 18. janúar 2021 sendi Breiðafjarðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra erindi með tillögum sínum um framtíð verndar, nýtingar og stjórnunar verndarsvæðis Breiðafjarðar. Skýrslan ber nafnið „Framtíð Breiðafjarðar - Samantekt og niðurstöður Breiðafjarðarnefndar“ og er aðgengileg á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar. Markmið nefndarinnar með tillögunum er að varðveita náttúru og menningu svæðisins samhliða því að styrkja enn frekar samfélögin umhverfis fjörðinn, þar á meðal atvinnulíf.

Í tillögum sínum til ráðherra leggur Breiðafjarðarnefnd áherslu á að endurskoða þurfi lög um vernd Breiðafjarðar og það verði gert sem fyrst. Lögin eru orðin ríflega 25 ára gömul og hafa ekki tekið efnislegum breytingum síðan þau voru sett. Um leið verði horft sérstaklega til þess möguleika að stækka svæðið svo það nái yfir allan Breiðafjörð frá Bjargtöngum á Vestfjörðum að Öndverðarnesi á Snæfellsnesi. Nefndin leggur einnig til að Breiðafjörður verði skráður á lista yfir Ramsarsvæði, en Ramsarsamningurinn er alþjóðlegur samningur um verndun votlendis, þar á meðal strandsvæða niður á

6 metra dýpi. Nefndin óskar að auki eftir því að ráðherra hefji vinnu við að skoða og kynna á næstu misserum kosti og galla stofnunar Þjóðgarðs á Breiðafirði, á hluta svæðisins eða í heild, og skráningar svæðisins á heimsminjaskrá UNESCO.

Tillögur nefndarinnar byggja á ítarlegri upplýsingaöflun og samráðsvinnu sem nefndin vann að á tveggja ára tímabili. Nefndin stóð meðal annars fyrir opnu málþingi um framtíð Breiðafjarðar í Tjarnarlundi í Dalabyggð, hélt fjóra opna íbúafundi við fjórðinn og fundaði með fulltrúum hverrar sveitarstjórnar fyrir sig. Á þessum fundum fengu nefndarmenn að heyra mismunandi sjónarmið sveitarstjórna, hagsmunaaðila og almennings, sem skýrði betur hvaða leiðir gætu komið til greina og hvar helstu ágreiningsefnin lægju.

Með þessu vildi Breiðafjarðarnefnd hefja samtalið og stíga fyrsta skrefið í átt að mótun framtíðar Breiðafjarðar.

Í nóvember 2020 tók Breiðafjarðarnefnd niðurstöður saman og sendi sveitarfélögum við fjórðinn til formlegrar umsagnar. Samantektin var auk þess birt á heimasíðu nefndarinnar og áhugasömum gefinn kostur á að senda inn athugasemdir. Breiðafjarðarnefnd lagði svo lokahönd á niðurstöður sínar að teknu tilliti til umsagna, þá sérstaklega umsagna sveitarfélaga. Samantektin fylgdi erindi nefndarinnar til ráðherra máli hennar til stuðnings.

Umsagnir bárust frá öllum sjö sveitarfélögum um við fjórðinn. Umagnirnar voru langflestar jákvæðar og augljóst er að sveitarfélögin eru sammála Breiðafjarðarnefnd um að mikilvægt sé að ráðast í endurskoðun á lögum um vernd Breiðafjarðar. Hvað varðar aðrar leiðir, sem nefndin leggur til, er almenn afstaða sveitarfélaganna sú að mikilvægt sé að kanna vel og kynna enn betur kosti og galla þeirra fyrir íbúum og hagsmunaaðilum svo að sem ríkust sátt náist um málið. Þess ber þó að geta að umsögn Stykkishólmsbæjar var ólík umsögnum hinna sveitarfélaganna og virtist af henni mega ráða að sveitarfélagið sé ekki tilbúið í samstarf um frekari verndun.

Umsagnir bárust einnig frá fulltrúum félagasamtaka, útgerðarfélaga, landeigenda og frá öðrum áhugasömum um framtíð svæðisins og voru ýmist jákvæðar eða neikvæðar gagnvart hugmyndum nefndarinnar. Hægt er að kynna sér einstakar umsagnir í viðauka skýrslu nefndarinnar.

Breiðafjarðarnefnd leggur, eins og sveitarfélögin, höfuðáherslu á að í áframhaldandi vinnu verði þátttaka sveitarstjórna, íbúa, landeigenda, atvinnulífs og annarra hagsmunaaðila tryggð. Nefndin telur líka miklu máli skipta að fulltrúar svæðisbundinna og landsþekjandi fagstofnana á sviði náttúru- og menningarminja verði hafðir með í mótun framtíðar Breiðafjarðar og að áfram verði lögð rík áhersla á fræðslu, samtal og samráð. Við frekari mótun á framtíð Breiðafjarðar þarf að gæta að samræmingu á vernd og nýtingu og að verndaraðgerðir takmarki ekki sjálfbæra nýtingu á auðlindum.

Eftir að Breiðafjarðarnefnd skilaði skýrslunni til ráðherra í janúar 2021 skipaði ráðuneytið stýrihóp sem falið var að stýra vinnu við nánari greiningu á verndargildi svæðisins og áhrifum þess, tækifærum og ógnunum, á samfélag, byggð og atvinnulíf. Greining stýrihópsins á að leiða til tillögu um framtíð verndarsvæðis Breiðafjarðar. Haustið 2021 var auglýst staða verkefnastjóra sem vinnur með stýrihópnum. Hann mun starfa hjá Náttúrustofu Vesturlands og mun hefja störf í ársbyrjun 2022.

Landvarsla við Breiðafjörð

Árið 2019 var í fyrsta sinn viðhöfð landvarsla við verndarsvæðið Breiðafjörð. Niðurstaða þess verkefnis var sú að rétt væri að festa í sessi og efla landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar, sér í lagi yfir sumartímenn. Í ljósi þessara niðurstaðna hvatti Breiðafjarðarnefnd umhverfis- og auðlindaráðherra og Umhverfisstofnun til þess að halda þessu góða starfi áfram og tryggja fjármagn í landvörslu á verndarsvæði Breiðafjarðar.

Vorið 2020 úthlutaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið aftur fjármagni til landvörslu á svæðinu sem nægði til sextán vikna landvörslu. Umhverfisstofnun sá um skipulagningu og framkvæmd verkefnisins í samstarfi við Breiðafjarðarnefnd. Sveitarfélögum á verndarsvæðinu var tilkynnt um að landvarsla væri fyrirhuguð og voru þrír landverðir ráðnir til starfa, mislengi eftir þörfum hvers svæðis fyrir sig. Umhverfisstofnun gaf út skýrslu með niðurstöðum landvörslunnar árið 2020 í febrúar 2021. Skýrslan er aðgengileg á heimasíðum Breiðafjarðarnefndar og Umhverfisstofnunar.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytið úthlutaði í þriðja sinn fjármagni til landvörslu á svæðinu árið 2021. Samtals dugði það til að halda úti 16 landvarðavikum á Breiðafjarðarsvæðinu yfir sumarið. Megináhersla var lögð á fræðsluferðir um svæðið, fræðslu ferðamanna og samtal við landeigendur og lykilaðila á svæðinu.

- Landvörður I var við störf á norðanverðum Breiðafirði í fimm vikur frá 1. júlí – 31. júlí.
- Landvörður II var við störf í Flatey og á Snæfellsnesi í fimm vikur frá 28. júní – 2. ágúst.
- Landvörður III var við störf á sunnanverðum Breiðafirði í sex vikur frá 28. júní – 9. ágúst.

Landverðir stóðu fyrir fræðsluferðum á svæðinu og töluðu við ferðamenn um sérkenni Breiðafjarðarsvæðisins. Í Flatey talaði landvörðurinn við fleiri en 200 ferðamenn á fjórum vikum og fræddi þá um náttúru eyjarinnar. Hann telur mikla þörf fyrir landvörslu í Flatey þar sem margir ferðamenn koma í fuglaskoðun og mikilvægt er að fræða þá um rétta umgengni á verndarsvæðinu. Tilvalið er að stunda landvörslu í Flatey þar sem ferðamannastraumur er fyrirsjáanlegur út frá ferðum Baldurs og eyjan er tiltölulega lítil. Stærð eyjarinnar og staðsetning fuglaskoðunarsvæða hjálpa við að landvörður geti tryggt eftirlit með öllu verndarsvæðinu. Fjöldi ferðamanna var frekar lítil árið 2021 þar sem covid heimsfaraldurinn var áhrifamikill í ferðapjónustu.

Landverðir ræddu við lykilmál hjá sveitarfélögum, kynntu fyrir þeim markmið og tilgang landvörslu og lögðu áherslu á að hún sé líka fyrir íbúa. Á ferðum sínum um svæðið töluðu landverðir við landeigendur og könnuðu afstöðu þeirra gagnvart ferðamennsku og fræðslu á svæðinu. Einnig var reynt að finna út hvernig best væri að bera sig að til þess að landeigendur yrðu fyrir sem minnstu ónæði af ferðamennsku.

Auk þessara áherslna sinntu landverðir hefðbundnum skyldum eftir því sem við átti, auk þess að vinna að stefnumótun vegna framtíðarlandvörslu. Við skipulagningu starfanna var lögð rík áhersla á að landverðir öfluðu sér upplýsinga og kæmu með tillögur að úrbótum, einkum með það fyrir augum að svara þeim spurningum sem ósvarað var eftir landvörsluna árið á undan.

Í stuttu máli er niðurstaða verkefnisins 2021 sú að tilefni sé til að halda landvörslu við fjörðinn áfram, sér í lagi í Flatey.

Breiðafjarðarnefnd fagnar því að fjármagn hafi verið sett í verkefnið síðastliðin þrjú ár og telur reynsluna sýna að full þörf hafi verið á. Breiðafjarðarnefnd hvetur umhverfis- og auðlindaráðherra til þess að festa fjárveitingar til landvörslu við Breiðafjörð í sessi til framtíðar og að ákvörðun um slíkt liggi fyrir með góðum fyrirvara, til að auðvelda undirbúning og útfærslu verkefnisins og skila enn árangursríkari landvörslu.

Náttúru- og menningarminjar

Örnefnaskráning

Breiðafjarðarnefnd hefur um árabíl tekið þátt í örnefnaskráningu á verndarsvæðinu. Nefndin telur mikilvægt að þeirri skráningu verði haldið áfram. Í lok árs 2019 gerði Breiðafjarðarnefnd samning við Náttúrufræðistofnun Íslands um örnefnaskráningar á Breiðafirði. Verkefnið felst í skráningu örnefna eyja, skerja og flæðiskerja á Breiðafirði. Stór hluti verkefnisins snýr að því að hafa samband við heimamenn og aðra þá sem þekkja til örnefna á Breiðafirði, bæði til að leita uppi örnefni og staðfesta þau. Þannig er hægt að staðfesta áður skráð örnefni. Við lok árs 2020 sendi Náttúrufræðistofnun Íslands upplýsingar um örnefni á Breiðafirði til Landmælinga Íslands, eins og samningurinn sagði til um. Þorvaldur Þór Björnsson sá um að safna örnefnunum og Anette Theresia Meier sá um landupplýsingar, þ.m.t. gerð korta. Árið 2020 skiluðu þau inn 2.158 örnefnum, bæði nýjum skráningum og leiðréttingum á örnefnum. Vinnan hélt áfram á almanaksárinu 2021. Þorvaldur safnaði fleiri örnefnum og kláraði örnefnaskráningu fram að bænum Stað í Reykhólahreppi. Ætlunin er að halda verkefninu áfram á næsta ári með söfnun örnefna frá Reykhólum að Látrabjargi. Verkáætlun gerir ráð fyrir að verkefninu ljúki fyrir árslok 2024.

Lokaorð

Í byrjun árs 2021 skilaði Breiðafjarðarnefnd skýrslu um Framtíð Breiðafjarðar til umhverfis- og auðlindaráðherra. Í kjölfarið var ákveðið að skipa stýrihóp um framtíð Breiðafjarðar og óskaði ráðuneytið eftir tilnefningum. Skipun hópsins var ekki lokið við árslok 2021.

Ný Breiðafjarðarnefnd var skipuð af ráðherra þann 4. ágúst 2021 og hélt sinn fyrsta fund 21. september 2021. Á þessum fundi tilnefndi Breiðafjarðarnefnd Erlu Friðriksdóttir, formann Breiðafjarðarnefndar, í stýrihópinn um framtíð Breiðafjarðar.

Theódóra Matthíasdóttir lét af störfum sem starfsmaður Breiðafjarðarnefndar í október og þakkar nefndin fyrir framlag hennar undanfarin ár.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar að samtalið um framtíð Breiðafjarðar er enn í mótun. Stýrihópurinn mun leggja línur varðandi verndun Breiðafjarðar til framtíðar en sú vinna byrjar ekki fyrir árið 2022. Nefndin telur mikilvægt að næstu skref í mótun framtíðar Breiðafjarðar feli í sér vel útfærða fræðslu og ítarlegt samráð um málið svo skoðanir og afstaða byggi á faglegum forsendum. Stýrihópurinn um vernd Breiðafjarðar er góð leið til að halda áfram með slíkt samráð.

Nefndin er þakklát fyrir þátttöku íbúa, sveitarfélaga og annarra hlutaðeigandi í mótun framtíðar Breiðafjarðar á síðustu misserum.

Óski ráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2021 verða þær að sjálfsgöðu veittar.

Erla Friðriksdóttir, formaður

f.h. Breiðafjarðarnefndar

A handwritten signature in black ink, appearing to be 'Erla F.', written over a horizontal line.

Snæfellsbær 25 okt.2022

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar.

Velferðarnefnd óskar eftir að samin verði stefna eða reglur í sambandi við útleigu á íbúðum í eigu Snæfellsbæjar. T.d með lengd leigusamninga.

f.h velferðanefndar

Gunnhildur Kristný Hafsteinsdóttir

Erindisbréf öldungaráðs Snæfellsbæjar

I. Stjórnskipuleg staða öldungaráðs

Öldungaráð Snæfellsbæjar starfar í umboði bæjarstjórnar Snæfellsbæjar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari og með vísan til 38. gr. laga nr. 40/1991 og 8. gr. laga nr. 125/1999.

II. Verksvið öldungaráðs

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Snæfellsbæjar til ráðgjafar um málefni og hagsmuni sem varða íbúa bæjarfélagsins 67 ára og eldri. Ráðið fjallar um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun í öldrunarmálum ásamt því að stuðla að upplýsingagjöf og samstarfi Snæfellsbæjar við hagsmunasamtök, móta stefnu og gera tillögur til Snæfellsbæjar sem varða verksvið þess. Öldungaráð fjallar ekki um málefni einstaklinga.

Auk þess að vera til ráðgjafar getur ráðið beint tillögum og ályktunum til bæjarstjórnar, nefndar og ráða. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

III. Hlutverk og markmið öldungaráðs

Öldungaráð er vettvangur samráðs íbúa sem eru 67 ára og eldri, félagasamtaka þeirra, atvinnulífs og bæjarstjórnar og er virkur þátttakandi í allri stefnumörkun málaflokksins. Öldungaráð er ráðgefandi fyrir starfsemi bæjarfélagsins í málaflöknum og stuðlar, í samstarfi við bæjarstjórn, að eflingu félagsauðs og kynningu á þjónustu bæjarfélagsins til íbúa sem eru 67 ára og eldri.

Helstu hlutverk, verkefni og markmið öldungaráðs eru:

- að fylgjast með heilsufari og félagslegri velferð aldraðra og samhæfa þjónustu,
- að gera tillögur til bæjarstjórnar um öldrunarþjónustu,
- að leitast við að tryggja að aldraðir fái þá þjónustu sem þeir þarfnast og kynna öldruðum þá kosti sem í boði eru,
- að koma skoðunum og tillögum íbúa 67 ára og eldri til viðeigandi aðila í stjórnkerfi Snæfellsbæjar,
- að gæta hagsmuna íbúa 67 ára og eldri um mál sem snerta aldurshópin sérstaklega,
- að efla tengsl hagsmunasamtaka hópsins og bæjaryfirvalda með því m.a. að standa fyrir umræðu um þau mál sem til hagsbóta geta verið fyrir íbúa 67 ára og eldri,
- að gera tillögur til félagsmálanefndar Snæfellinga um stefnumörkun í málefnum íbúa 67 ára og eldri,
- að taka til umfjöllunar þau mál sem nefndir eða ráð óska eftir hverju sinni og önnur þau mál sem ráðið telur nauðsynlegt að fjalla um í samræmi við hlutverk og markmið ráðsins,

Bæjarstjórn skal kynna öldungaráðinu með góðum fyrirvara hugmyndir og tillögur sem varða aldraða, s.s. hugmyndir um eða breytingu á gjaldskrárnámi vegna þjónustu við aldraða og hugmyndir um eða breytingu á reglum um niðurfellingar eða afslætti til eldri borgara.

Bæjarstjórn skal halda fund með öldungaráði að lágmarki einu sinni á ári.

IV. Skipan

Öldungarráðið er skipað fimm fulltrúum og jafnmörgum til vara. Bæjarstjórn kýs þrjá fulltrúa og þrjá til vara. Félag eldri borgara í Snæfellsbæ kýs tvo fulltrúa og tvo til vara. Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og kjörgengir eru þeir sem eiga lögheimili í bæjarfélaginu. Bæjarstjórn kýs formann ráðsins en öldungarráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Fulltrúi Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga er tengiliðir bæjarstjórnar við öldungaráð, situr fundi ráðsins, starfar með því, ritar fundargerð og er því til aðstoðar.

Auk kjörinna fulltrúa og fulltrúa Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga, á bæjarstjóri rétt á að sitja fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti.

Nefndinni er heimilt að kalla til sín sérhvern þann sem tengist málum sem fjallað er um.

V. Boðun funda og fundarsköp

Um starfshætti nefnda/ráða er sérstaklega getið í VI. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar og skal þeim fylgt efir því sem við á.

Öldungaráð skal að jafnaði funda þrisvar á ári fyrir luktum dýrum; í byrjun árs, að vori og að hausti, auk opins fundar árlega með félagi eldri borgara. Heimilt er að halda aukafundi ef nauðsyn krefur. Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu og er óheimilt að greina opinberlega frá ummælum einstakra fundarmanna.

(FER ÚT: Öldungaráð kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma, að minnsta ársfjórðungslega. Skal nefndin gera samþykkt um þennan fundartíma á sínum fyrsta fundi að höfðu samráði við bæjarstjóra. Jafnframt skal ráðið halda opinn fund árlega með Félagi eldri borgara í Snæfellsbæ. Formaður getur boðið til aukafundar eftir þörfum.)

Nefndin skal halda **gerðarbók**. Fundarritari færir fundargerð í gerðabókina. Í gerðabók skal skrá **hvar og hvenær** fundur er haldinn, **hverjir** sitja hann og **hvenær honum lýkur**. Skrá skal **einstök mál**, sem tekin eru fyrir á fundinum, **hvenær þau komu til, nöfn** hlutaðeigandi, **meginefni og afgreiðslu** nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari **lesa fundargerðina** upp og allir viðstaddir **undirrita hana**.

Öldungaráð getur ákveðið að fundargerðir verði **skráðar á rafrænu formi** og skal það þá gert í samræmi við 16 gr. í samþykktum um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar.

Strax að loknum fundi kemur ritari nefndarinnar fundargerðinni til bæjarritara sem hefur umsjón með frágangi og ritvinnslu fundargerðarinnar og leggur hana fram með dagskrá næsta bæjarstjórnarfundar. Bæjarritari sendir fundarmönnum afrit af fundargerð nefndarinnar ásamt afgreiðslu bæjarstjórnar.

Nefndarformaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera **skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá**. Á dagskrá skulu aðeins tekin mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að fjallað verði um, enda séu þau á verksviði ráðsins.

Fundir skulu boðaðir með að minnsta kosti viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboð. Rafræn boðun fundar og útsending gagna telst fullgild boðun.

(FER ÚT: Fundarboð skal sent nefndarmönnum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en sólarhring fyrir fund.)

Nefndarformaður stýrir fundum nefndarinnar skv. ákvæðum IV. kafla samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar.

Fundur telst ályktunarhæfur **ef meirihluti nefndarinnar er mættur** á fund. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu með og á móti.

Ályktanir nefndarinnar til bæjarstjórnar og bæjaráðs skal ætíð **senda bæjarstjórn** í sérstöku erindi.

Fulltrúar í nefndinni skulu fá **hæfilega þóknun** úr bæjarsjóði fyrir störf sín í nefndinni samkvæmt nánari ákvörðun bæjarstjórnar.

VI. Eftirfylgni

Formaður og aðrir fulltrúar öldungaráðs skulu snúa sér til bæjarstjóra með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar.

VII. Réttindi og skyldur nefndarmanna

Um réttindi og skyldur nefndarmanna gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og samþykktar um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar, eftir atvikum.

Nefndarmanni er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Skal hann boða varamann sinn og láta formann eða starfsmann nefndarinnar vita um forföll með góðum fyrirvara.

Hver nefndarmaður á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til nefndarformanns eða starfsmanns a.m.k. tveimur vikum **(FER ÚT: sólarhringum)** fyrir fund.

Fulltrúar skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við nefndarstörf sín en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykktum um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni í nefndinni.

(FER ÚT: Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir velferðarnefnd og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli málsins, lögum eða samþykkt 2/3 hluta nefndarmanna hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni.)

Nefndarmaður skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

VIII. Lög og reglugerðir

Í störfum sínum skal öldungaráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum sem undir starfssvið hennar heyrir.

Þá skal nefndin fylgja samþykkt um stjórn og fundarsköp Snæfellsbæjar eins og þau eru hverju sinni. Það á einnig við um samninga eða samstarf á þessum vettvangi við önnur sveitarfélög.

IX. Gildistaka

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum og bæjarmálasamþykkt Snæfellsbæjar.

Erindisbréf þetta var staðfest á fundi bæjarráðs 12. júlí 2018 og tekur gildi sama dag.

Snæfellsbær 10. nóvember 2022

Kristinn Jónasson, bærarstjóri

Hellissandur 23.10.2022

Berist til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar,

Kæra bæjarstjórn,

Nú hafa vegglistaverkin á Hellissandi staðið í um 5 ár og það er orðið ansi áriðandi að viðhaldi á verkunum sé sinnt.

Þar sem ég tel bæjarfélagið bera mestann hag af þessu verkefni hvet ég ykkur til þess að taka þetta uppá ykkar arma og halda þessum verkum í sem bestu standi til þess að við getum notið þeirra og framlags þeirra til okkar samfélags sem allra lengst.

Að því sögðu legg ég til fjórar aðgerðir til þess ætlaðar að hámarka nýtingu verkanna og hagnað samfélagsins okkar vegna þeirra.

Aðgerð 1:

Lakka verður yfir öll verkin með sterku glæru lakki sem allra allra fyrst. Þetta heldur litunum ferskum og kemur í veg fyrir óþarfa skemmdir.

Aðgerð 2:

Lýsa þyrfti upp verkin á gamla frystihúsinu, rétt eins og gert hefur verið með hrútinn góða. Lýsing á Víkingaskipinu inni í portinu og andlistmyndinni af Axlar-Birni ættu þá að vera í forgangi en langbest væri auðvitað að lýsa upp öll verkin. Vel upplýst verk skapa stemmingu, stemmingin skapar „myndavélavæn“ augnablik, því fleiri myndir, því betri auglýsing fyrir bæinn, því fleiri ferðamenn, þeim mun sterkari ferðamannaíðnaður, því fleiri störf til að þjónusta þá o.s.frv.

Aðgerð 3:

Í stað ónýtu spónarplatnanna þar sem sögurnar (nú nánast ólesanlegar) eru málaðar á ættum við að setja falleg og stílhrein stálskilti þar sem sögurnar munu standa tímans tönn. Ég á allar sögurnar þar sem ég setti þær í þetta stutta form þannig að þetta ætti ekki að vera mikið mál.

Aðgerð 4:

Við portið ætti að setja upp safnkassa þar sem gestir eru hvattir til þess að skilja eftir frjáls framlög. Þessi frjálsu framlög ættu, að mínu mati, að fara óskipt í Ungmennafélögin Víking/Reyni og þá í að auka fjöldbreytileika í framboði á list- og íþróttanámskeiðum hér í bænum okkar. Með flottum kassa og einföldum skilaboðum á nokkrum tungumálum tel ég að þarna sé dauðafæri til þess að finna meiri pening inn í starf sem er algjörlega „krúsjal“ fyrir okkur öll sem samfélag.

Ég vona innilega að þið sjáið hag í því að standa vörð um þessi listaverk í félagi við mig.

Virðingarfyllst og með bjartsýni,

Kári Viðarsson.

Ólafsvík, 27.10.2022

B.t bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Eins og flestum er nú kunnugt hefur Snæfellsbær fest kaup á skólahúsum (Hjallastefnunnar) sem voru staðsett í Öskjuhlíðinni og hafa þessi hús nú verið sett við Ólafsbraut þar sem þau munu hýsa félagsstarf eldri borgara í Snæfellsbæ í framtíðinni. Í bæjarblaðinu Jökli 29. september s.l. fjallaði Kristinn Jónasson um þessi hús þar segir hann að húsin hafi fengist á mjög góðu verði og eftir skoðun byggingafulltrúa þá hafi það verið álitnið að húsin séu í mjög góðu lagi og í framhaldi hafi þá hafi verið gengið frá kaupunum. Það hefur verið umræða meðal íbúa Snæfellsbæjar um að í þessum húsum hafið verið mygluvandamál og áður hefur farið fram umfjöllun í fjölmiðlum um myglu í þessum húsum þar sem rætt er við foreldra um veikindi barna þeirra sem dvöldu í þessum húsum. Þessu til stuðnings viljum við vitna í viðtal við Þórdísi Ingu Sigurðardóttir framkvæmdastjóra Hjallastefnunar þar sem hún segir að ástandið á húsunum hafi verið það slæmt að þeim hafi verið lokað, við látum tengda frétt fylgja bréfi okkar. Sjá viðhengi 1.

Við viljum taka það fram að við erum alls ekki á móti því að aðstaða eldri borgara komist í viðunandi húsnaði og fögnum við því að Snæfellsbær vinnur að þeim málum. Eldri borgarar er oft viðkvæmur hópur með undirliggjandi sjúkdóma og finnst okkur að tryggja verði að húsnaði sem þeim er boðið sé í lagi. Eftir að húsin komu til Ólafsvíkur þá fannst okkur útlit þeirra frekar styrkja þá umræðu um myglu frekar en að eyða henni. Það sem fær okkur til að efast um að húsin séu í mjög góðu lagi er fyrir það fyrsta útlit þeirra bæði á útveggjum og undir gólfum allra húsanna og viljum við því til stuðnings birta ykkur myndir sem eru teknar af húsunum við komuna til Ólafsvíkur. Sjá viðhengi 2 þar sem lesa má fundargerð frá borgarráði að hús frá Öskjuhlíðinni hafi verið tekin úr notkun vegna myglu (vel má vera að sá hluti hafi ekki komið í Snæfellsbæ) og viðhengi 3, myndir af húsunum við komu til Snæfellsbæjar.

Vegna allrar þessarar umræðu bæði hér í bæ og í fjölmiðlum viljum við koma með tillögu til Bæjarstjórnar Snæfellsbæjar sem við teljum að verði til heilla. Tillaga okkar er að Efla verði fengin til að ástandsskoða húsin og skila okkur útsvarsgreiðendum í Snæfellsbæ í framhaldi niðurstöðunni. Ef skoðunin verður góð þá er það gott mál en ef skoðunin verður slæm og vandamál eru á ferðinni fáum þá ráðgjöf hjá þeim varðandi úrlausnir á þeim og vinnum eftir þeim. Ef það er nú þegar til ástandsskýrsla varðandi ástand á húsunum, er þá vilji til þess að opinbera þá skýrslu?

Tökum af allan vafa, vinnum að betri bæ og lausnum.

Vagn Ingólfsson og Laufey Helga Árnadóttir

Viðhengi 1

https://www.visir.is/g/20202011531d?fbclid=IwAR3QSRipEs_6xco33hfAl2a0qjABPhhy02l4-CAhuTQc6ct9g5seSAojobQc

Viðhengi 2

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/235_8_rekstrarleyfi_askja.pdf



Reykjavíkurborg

Reykjavík, 7. júlí 2022
SFS22060161
ívs

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Rekstrarleyfi leikskólans Öskju

Á fundi borgarráðs þann 7. júlí 2022 var svohljóðandi svohljóðandi tillaga borgarstjóra, dags. 5. júlí 2022, samþykkt, ásamt fylgiskjölum:

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálagaða tillögu sviðstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 4. júlí 2022, er varða breytingar á rekstrarleyfi Hjallastefnunnar ehf. vegna leikskólans Öskju.

Það tilkynnist hér með.




Borgarráðsfulltrúi Sósíalístaflokks Íslands sat hjá við afgreiðslu málsins.


Borgarráðsfulltrúar Samfylkingarinnar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar lögðu fram svohljóðandi bókun:

Borgin hefur unnið með Hjallastefnunni að því að greiða úr húsnæðismálum fyrir leikskólann Öskju vegna vandamála sem komu upp tengd myglu í húsnæði skólans við Öskjuhlíð. Nú hefur verið tryggt aðstaða fyrir leikskólann í nánustu framtíð í Skógarhlíð sem skapar tækifæri til að fjölga plássum fyrir reykvísk börn um 27 að lágmarki frá því sem nú er en sú tala gæti hækkað í 37. Þessi lausn mun hafa jákvæð áhrif á innritun barna í leikskóla en óvissa tengd húsnæðismálum Öskju hefur tafið fyrir innritun undanfarið.

Helga Björk Laxdal
e.u.

Viðhengi 3 – myndir







INNLENT

Purfti að taka börn úr skólunum vegna mygluveikinda: Búið að loka einni byggingu Barnaskólans í Reykjavík

Nadine Guðrún Yaghi skrifar · 12. september 2020 19:00

Hafa tekið börn úr skólunum



Foreldrar barna í skólum Hjallastefnunnar í Öskjuhlíð hafa þurft að taka börnin sín úr skólunum vegna mygluveikinda. Eitt foreldrið íhugar málsókn. Einni byggingu skólans var lokað í sumar og vinnur verkfræðistofa nú að úttekt.

Gréta Ósk Óskarsdóttir og fjölskylda höfðu náð bata eftir mygluveikindi en eftir að börnin hennar tvö byrjuðu á leikskóla Hjallastefnunnar Öskju í Öskjuhlíð, fóru einkenninn að gera vart við sig á ný.

„Það var erfitt fyrir þau að vera í fötum, börnin voru að væla, það er roði í kynnum, þreyta og illt í maganaum,“ segir Gréta Ósk.

Einkenni eldra barnsins hafi snarversnað þegar það fór yfir í Barnaskólann í fyrra, en skólinn er við hlið leikskólans.



Leikskólinn Askja og Barnaskólinn í Reykjavík eru í Öskjuhlíð

VÍSIR

„Það eru þrenn önnur hjón sem hafa haft miklar áhyggjur og tveir starfsmenn sem hafa þurft frá að hverfa vegna veikinda,“ segir Gréta sem hefur verið í sambandi við aðra foreldra vegna málsins.

„Við upplifðum marga leka bara á tveimur og hálfu ári , þá lak trekk í trekk og margar viðgerðir sem þurfti að gera. Þá var viðurinn orðinn svartur af rakaskemmdum,“ segir Gréta Ósk.

Eftir ítrekaðar óskir um úrbætur og aðkomu sérfræðinga segist Gréta hafa verið tilneydd til að taka börnin sín úr skólunum í vor og íhugar nú málsókn. Fleiri foreldrar hafa tekið börn sín úr skólanum. Lítið hafi verið hlustað á áhyggjuraddir.

„Þau hafa verið í afneitun og að fela. Gerðu það minnsta sem hægt var að gera og komast upp með og ég tók saman allar sögur og allar frásagnir og sendi til framkvæmdastýru,“ segir Gréta.



Þórdís Inga Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir að hlustað hafi verið á foreldra

VÍSIR

Þórdís Inga Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Hjallastefnunnar, segir að hlustað hafi verið á foreldra. „Þegar það kom upp grunur þá var ég í sambandi við foreldra og við sammæltust um það að fá fyrirtæki til að taka út loftgæði í húsunum og það kemur niðurstaða í mars um að loftgæðin hafi verið í lagi. Þau voru ekki sátt við þá niðurstöðu þannig eftir að Covid lauk þá ákváðum við að opna skólann og opnuðum miðrymið í sumar og sáum að þetta var ekki í lagi,“ segir Þórdís.

Þar sem ástandið hafi verið slæmt var byggingunni um leið lokað. Þá hafi verkfræðistofan Efla

verið fengin til að gera úttekt á skólanum nú í haust. Sú úttekt er nú hafin samkvæmt upplýsingum frá Eflu.

„Það er einlæg ósk mín og von að foreldrar upplifi það við séum að taka þetta gríðarlega alvarlega því mygla er gríðarlega alvarleg,“ segir Þórdís Inga.

Gréta segir að foreldrar barna í skólanum hafi aldrei verið látnir vita af vandamálinu. „Þarna var aldrei talað við foreldra eða aldrei talað við starfsfólkið og það er ekki ennþá búið að gera það. Þetta er langt og ljótt mál og við höfum orðið fyrir miklum vonbrigðum með þessa frábæru stefnu,“ segir Gréta.

„Það að þegar við fáum niðurstöðu frá fyrirtæki um að þetta sé í lagi og svo kemur í ljós að þetta var kannski ekki alveg í lagi að þá skil ég vel foreldra að líða ekki vel með stöðuna og mér finnst það bara hræðilega leiðinlegt,“ segir Þórdís Inga.

Velkomin á Vísí. Þessi vefur notar vafrakökur. [Sjá nánar.](#)

Veronica Osterhammer
Brimilsvellir
356 Snæfellsbær

Brimilsvellir, 4.11.2022

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Listir og Menning

Góðan daginn,

Mig langar til að vekja athygli á því að ég undirrituð hef staðið undanfarin 22 ár fyrir öflugum og metnaðarfullum kórastarfi bæði fyrir börn og fullorðna í Snæfellsbær. Kirkjukór Ólafsvíkur sem ég hef stjórnað síðan árið 2000 stendur á hverju ári fyrir vel sóttum Vor- og Jólatónleikum í okkar samfélagi. Mér þætti vænt um ef nefndarmenn Lista og Menningarnefndar yrðu upplýst um það þegar þau byrja sín störf.

Alltaf hef ég leitast eftir því að okkar viðburði stangast ekki á við aðra mikilvægar menningarviðburði í samfélagi eins og tónleikar í Tónlistarskólanum, bókamessa Grunnskólans eða jólatónleikar Lista- og Menningarnefndar.

Í ár urðu þau leiðinlegu mistök að þrátt fyrir að ég lét Markaðs- og upplýsingarfulltrúa vita þegar 2. September um fyrirhuguð Jólatónleika okkar (sjá tölvupóst samskipti) og bað um að þessar upplýsingar bærust einnig til Lista og Menningarnefndar, skiluðu sig þær upplýsingar ekki þangað. Lista og Menningarnefnd ákveður svo að bjóða til stórtónleika í Klifi á okkar tónleikadegi og veit ekkert um okkar áform.

Jólatónleikarnir okkar í ár eru sérstaklega metnaðarfullt þar sem ég hef komið á samstarfi allra kóra á Snæfellsnesi og verður Jóla-tónleikaröð í Stykkishólmi, Grundarfirði og Ólafsvík. Verkefni að þessu tagi eru sérstaklega dýrmæt fyrir menningarlífið í okkar samfélagi og öllu Nesinu. Að þessu verkefni koma Karlakórinn Kári, Kór Ingjaldshólskirkju, Kirkjukór Grundarfjarðarkirkju, Kirkjukór Ólafsvíkur og Kór Stykkishólmskirkju auk sex stjórnendur og meðleikara. Alls hafa 60 – 70 kórfélagar mætt á æfingar.

Þar sem mér finnst svona klúður ólýðandi hef ég lagt mig enn einu sinni fram um að okkar tónleikadagsetning í Grundarfirði verði breytt út af tónleikunum sem Lista og Menningarnefnd stendur fyrir. En eðlilega sárnar mér það að metnaðarfulla verkefni okkar þarf að vikja.

Ég óska eftir því að það verður sett í verklag Lista og Menningarnefndar að hafa samráð um dagsetningu Jólatónleika. Það er frábært að fá landsþekkt listamenn til okkar í Klifi, gjarnan á hverju ári, en það má setja eftirfarandi upplýsingar inn í verklag nefndarinnar þegar þarf að ákveða dagsetningu:

Athugið að Kirkjukór Ólafsvíkur heldur árlega jólatónleika. Skólakór Snæfellsbæjar heldur árlega jólatónleika. Tónlistarskóli Snæfellsbæjar stendur árlega fyrir nokkrum jólatónleikum. Grunnskóli Snæfellsbæjar stendur fyrir Bókamessu. Kvenfélag Ólafsvíkur stendur fyrir aðventukvöldi fyrsta sunnudaginn í aðventu í kirkjunni.

Við eigum að bera virðingu fyrir því og sjá það sem er gert hér heima.

Með von um gott samstarf í framtíðinni við Lista og Menningarnefnd Snæfellsbæjar,

Kær Kveðja

Veronica Osterhammer

Takk fyrir þessar upplýsingar. Þetta hljómar mjög vel - senn líður að jólum! 🎵

Ég skrái þetta hjá mér og sendi á menningarnefndina líka.

Bkv.

Heimir Berg Vilhjálmsson

Markaðs- og upplýsingafulltrúi

Snæfellsbær

Klettsbúð 4, 360 Snæfellsbær

+354 433 6914 | +354 866 6655

www.snb.is | www.snaefellsbaer.is | [Facebook](#) | [Instagram](#)

From: Veronica Osterhammer <brimilsvellir@isl.is>

Sent: 02 September 2022 10:17

To: Heimir Berg Vilhjálmsson <heimir@snb.is>

Subject: jólatónleikar 2022

Sæll Heimir, við verðum í ár með samvinnuverkefni allra kóra á Snæfellsnesi og munum æfa saman fyrir glæsilega Jólatónleika. (einn stór kór) Við erum búin að ákveða dagsetningar sem verða 30.11. í Stykkishólmi, 1.12. í Grundarfirði og föstudaginn 2.12. í Ólafsvíkirkirkju. Vildi láta þig vita sem fyrst þegar svo fleiri jólavíðburði verða skráðir. Endilega sendu þetta líka áfram til Lista og Menningarnefndar fyrir mig, takk fyrir

Kveðja

Veronica

--

Brimhestar

Veronica Osterhammer & Gunnar Tryggvason

Brimilsvellir

IS-356 Snæfellsbær

www.brimhestar.is

brimilsvellir@isl.is

Kristinn Jónasson

From: Daðey Þóra Ólafsdóttir - SMV <dadey.thora.olafsdottir@sylumenn.is>
Sent: þriðjudagur, 1. nóvember 2022 15:15
To: Snæfellsbær; Kristinn Jónasson; Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar; Slökkvilið Snæfellsbæjar; snæfellsbær@eldvarnaeftirlit.is; Heilbrigðiseftirlit Vesturlands; Vinnueftirlitið - VER; 'vesturland@logreglan.is'
Subject: Umsagnarb.rek.G.IV-Snæfellsjökull Apartments, Gufuskálum,Snæfellsbæ
Attachments: Ums.b.rek.G.IV-Snæfellsjökull Apartments,Gufuskálum,Snæfellsbæ_2022052356.pdf; Umsókn og teikningar_2022052356.pdf

Til umsagnaraðila

Embætti sýslumannsins á Vesturlandi hefur borist umsókn um rekstrarleyfi frá Summit Adventure Guides ehf kt.460617-0300, um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki IV, íbúðir, sem reka á sem Snæfellsjökull Apartments, að Gufuskálum (F2355857), 360 Hellissandur. Um er að ræða nýjan rekstraraðila þar sem Fellas ehf kt.520717-0560 rak gististað í flokki III, Westpark Guesthouse, skv. rekstrarleyfi LG-REK-012982 útgefnu 8.2.2018.

Hjálagt fylgir umsókn og umsagnarbeiðni ásamt teikningum.

Óskað er umsagnar viðtakenda þessa pósts.

Kveðja,
Daðey

Með kveðju / Best regards

Daðey Þóra Ólafsdóttir, sviðsstjóri þjónustusviðs

Sýslumaðurinn á Vesturlandi / District Commissioner of West Iceland

Heimilisfang / Address: Kirkjubraut 28 • 300 Akranes • Iceland

beinn sími/Direct tel.: +(354) 458 2352

Sími / Tel.: +(354) 458 2300

Vefur / URL: www.sylumenn.is • [Fyrirvari - Disclaimer](#) | [Sylumenn \(island.is\)](http://Sylumenn.island.is)

Sýslumenn hvetja til rafrænna samskipta í stað heimsókna og í boði er að halda fjarfundi. Ef þú átt erindi á skrifstofur embættisins, íhugaðu vistvænar samgöngur.



Sýslumaðurinn á Vesturlandi

Sveitarstjórn Snæfellsbæjar
Byggingarfulltrúi Snæfellsbæjar
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands
Slökkvilið Snæfellsbæjar
Vinnueftirlitið
Lögreglustjórn á Vesturlandi

Málsnúmer: 2022-052356
Akranesi, 1. nóvember 2022

Umsagnarbeiðni - Rekstrarleyfi

Umsækjandi: Summit Adventure Guides ehf., kt. 460617-0300, Gufuskálar, 360 Hellissandi,
Forsvarsmaður: Ægir Þór Þórsson, kt. 310792-3069, Helluhóll 7, 360 Hellissandi. **Sími:** 8485256.
Netfang: aegir@summitguides.is

Tegund umsóknar: Umsókn um leyfi til reksturs gististaðar í flokkur IV–tegund G íbúðir

Heiti staðar: Snæfellsjökull Apartments
Staðsetning: Gufuskálar, F2355857
360 Hellissandur


Afgreiðslutími áfengis:
Alla daga frá kl.12:00 til kl.22:00

Fjöldi starfsmanna: 3
Hámarksgestafjöldi: 64 gestir.

Með vísan til 4. mgr. 10. gr. laga nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald og 26. og 27. gr. reglugerðar nr. 1277/2016 er óskað eftir umsögnum framangreindra umsagnaraðila. Þess er óskað að umsögn verði send á Sýslumaðurinn á Vesturlandi við fyrsta hentugleika eða eigi síðar en **45 dögum** eftir móttöku beiðnar þessarar, sbr. 2. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar nr. 1277/2016. Berist umsögn ekki innan þess frests kemur til álita að gefa út leyfi án umsagnar viðkomandi aðila. **Sérstaklega er óskað eftir afstöðu slökkviliðs og heilbrigðiseftirlits til leyfilegs gestafjölda**

Umsagnir óskast sendar á netfangið vesturland.leyfi@sylumenn.is. Í umsögn skal tilgreina nafn og kt. umsækjanda og heiti fasteignar og fasteignanúmer.

Sýslumaðurinn á Vesturlandi


Dáey Þóra Ólafsdóttir
sviðsstjóri þjónustuvíðs

26.10.2022

Uppsögn á sorphirðusamning Snæfellsbær - samningur nr. 6002

Terra Umhverfisþjónusta hf. tilkynnir hér með uppsögn á sorphirðusamning nr. 6002 frá 28.11.2006 ásamt þeim viðaukum sem hafa bæst við á tímabilinu.

Uppsögnin tekur gildi 01.11.2022 og er uppsagnarfrestur sex mánuðir. Samningurinn fellur úr gildi þann 30.04.2023.

Lilja Þorsteinsdóttir

Viðskiptastjóri Terra Umhverfisþjónustu hf.

Lilja Þorsteinsdóttir

Kristinn Jónasson

From: Linda Dröfn Gunnarsdóttir <Linda@kvennaathvarf.is>
Sent: fimmtudagur, 6. október 2022 14:00
To: Kristinn Jónasson
Subject: Rekstrarstyrkur 2023 - Kvennaathvarf

Sæll Kristinn

Í 40 ár hefur Kvennaathvarfið þjónað íslensku samfélagi sem frjáls félagasamtök í náinni samvinnu við opinbera kerfið og er orðið ómissandi hluti af þeirri þjónustu og úrræðum sem við viljum öll geta gengið að. Kvennaathvarfið þjónustar konur af öllu landinu og þær sem koma til viðtals eða dvalar í athvarfið er fjölbreyttur hópur af öllum stéttum þjóðfélagsins. Í meðfylgjandi viðhengi má finna nánari upplýsingar um tölfræði athvarfsins sem sýnir fram á stöðuga aukningu á aðsókn í úrræði athvarfsins, auk þess sem farið er yfir þróun starfseminnar síðustu ár, en þar ber hæst aukin þjónusta við börn þeirra kvenna sem til okkar leita, aukin viðtalsþjónusta, aukin þjónusta við landsbyggðina með opnun athvarfs á Akureyri og opnun áfangageimilis sem millibilsúrræðis fyrir konur sem gist hafa athvarfið.

Ráðgjafar okkar hafa átt í nánun og góðu samstarfi við starfsfólk sveitarfélaga í gegnum árin, bæði hvað varðar málefni þeirra kvenna sem til okkar leita en einnig í auknum mæli varðandi málefni barna sem gista athvarfið. Kvennaathvarfið er neyðarathvarf sem opið er allan sólarhringinn og hefur það verið ómissandi úrræði fyrir sveitarfélög og samfélagið í heild. Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvenna og barna sem sækja skjól til Kvennaathvarfs og er það von okkar að svo verði áfram. Vegna aukinnar aðsóknar og aukins framboðs á úrræðum fyrir fjölbreyttari hóp kvenna, hefur rekstrarkostnaður hækkað töluvert síðustu ár en framlög frá sveitarfélögum því miður ekki fylgt þeirri hækkun. Rekstrarkostnaður var þannig tæpar 210 milljónir árið 2021 á meðan hann var tæpar 123 milljónir árið 2017. Nú er svo komið að rúmlega helmingur rekstrarkostnaðar er greiddur af almenningi í formi styrkja og þó svo að við kunnum sannarlega að meta velvildina sem við finnum í samfélaginu, þá er erfitt að byggja upp og viðhalda svo viðamikilli þjónustu á slíkum grunni. Í því skyni óskum við eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2022 að fjárhæð kr. 200,000.

Ársskýrslur Samtaka um kvennaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvennaathvarf.is.

Ef að upp koma spurningar eða þið viljið fara betur í saumana á starfseminni, þá ekki hika við að hafa samband við mig.



Kær kveðja
Linda Dröfn Gunnarsdóttir
Framkvæmdastýra Kvennaathvarfs
linda@kvennaathvarf.is



Til sveitastjórna

Reykjavík, 1. nóvember 2022
UST202209-125/Ý.G.
00.06

Efni: Tilnefning í vatnasvæðanefnd í samræmi við lög nr. 36/2011 og reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála

Með setningu laga um stjórn vatnamála var sett á fót nýtt stjórnkerfi sem miðar að verndun íslenskrar vatnsauðlindar til framtíðar. Hið nýja stjórnkerfi felur í sér heildstæða og samræmda stjórn vatnamála, rannsóknir og vöktun sem byggir á samvinnu stjórnvalda, stofnana, ráðgjafa, sveitarfélaga, eftirlitsaðila, hagsmunaaðila og almennings. Fyrsta vatnaáætlun Íslands var staðfest af umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra í apríl síðastliðnum, fyrir árin 2022-2027.

Ísland er eitt vatnaumdæmi samkvæmt skilgreiningu laga, en landinu er skipt í fjögur vatnasvæði og á hverju svæði skal starfa vatnasvæðanefnd. Hlutverk vatnasvæðanefnda er fyrst og fremst að vera Umhverfisstofnun til ráðgjafar og veita upplýsingar vegna gerðar vöktunaráætlunar, aðgerðaráætlunar og vatnaáætlunar. Vatnasvæðanefnd skal einnig vera rannsóknastofnunum til ráðgjafar vegna verkefna sem þeim eru falin í samningum við Umhverfisstofnun um málefni sem snerta viðkomandi vatnasvæði. Heimilt er að stofna stýrihóp innan hvorrar vatnasvæðanefndar til að samræma framkvæmd vinnunnar.

Umhverfisstofnun skipar fulltrúa í vatnasvæðanefnd ásamt varamönnum og skal óska eftir tilnefningum í hana frá sveitarfélögum, heilbrigðisnefndum á viðkomandi vatnasvæði og ráðgjafarnefndum. Fulltrúi Umhverfisstofnunar er formaður nefndarinnar og boðar til fundar a.m.k einu sinni á ári.

Umhverfisstofnun óskar hér með eftir að sveitarfélög tilnefni fulltrúa sinn, og annan til vara, sem og fulltrúa náttúruverndar- eða umhverfisnefndar sveitarfélags ef slík nefnd starfar á svæðinu, í vatnasvæðanefnd með tilvísan í 6. gr. reglugerðar nr. 935/2011 um stjórn vatnamála. Þar sem mörk vatnasvæðanefnda geta náð yfir fleiri en eitt sveitarfélag þá er sveitarfélögum heimilt að sameinast um fulltrúa í vatnasvæðisnefnd. Tilnefningaraðilar bera kostnað af setu fulltrúa sinna í nefndinni.

Tilnefningar óskast eigi síðar en 21. nóvember n.k. með rafrænum hætti á eyðublaði í Microsoft Forms: <https://forms.office.com/r/9M4Fs3vMtx>.

Staðfesting á tilnefningu óskast með tölvupósti á ust@ust.is með tilvísun UST202209-125.

Virðingarfyllst,

Sigrún Ágústsdóttir,
forstjóri

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir,
sviðsstjóri

Snæfellsbær, 8. nóvember 2022

Við í J listanum viljum fá óháðan aðila til að ástandsskoða húsin sem keypt voru af Efnisveitunni svo hægt sé að bregðast við strax ef eitthvað óeðlilegt finnst við skoðun húsanna.

Michael Gluszuk

Margrét Sif Sævarsdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Snæfellsbær, 8. nóvember 2022

Við í J listanum viljum fá það á hreint hvernig skilgreining á notkun á húsnaðinu við Ólafsbraut á að vera.

Michael Gluszuk

Margrét Sif Sævarsdóttir

Fríða Sveinsdóttir

Snæfellsbær, 8. nóvember 2022

Við í J listanum viljum að farið verði í þá vinnu að skoða hvaða húsnæði Snæfellsbær ætlar að eiga og hvaða húsnæði við getum selt.

Michael Gluszuk

Margrét Sif Sævarsdóttir

Fríða Sveinsdóttir



Snæfellsbær
Kristinn Jónasson bæjarstjóri
Klettsbúð 4
360 HELLISSANDI

Kópavogi, 18. október 2022.

Ágóðahlutagreiðsla 2022

Á síðasta aðalfundi fulltrúaráðs EBI var samþykkt að áfram skuli hluti hagnaðar af starfsemi félagsins greiddur til aðildarsveitarfélaganna í formi ágóðahlutar.

Á aðalfundinum var farið mjög ítarlega í fjárfestingastefnu félagsins og stefnumörkun varðandi ágóðahlutagreiðslu til aðildarsveitarfélaga EBI.

Þar var áréttað að ætíð eigi að taka mið af meginmarkmiðum fjárfestingastefnu EBI við ákvörðun endanlegrar greiðslu þar sem lágmarka skal líkur á að höfuðstóll eignasafnsins skerðist við útgreiðslu.

Undanfarin ár hefur verið miðað við þá vinnureglu að miða útgreiðslu ágóðahlutar við þriggja ára meðaltal breytinga á þróun eigin fjár félagsins en þó þannig að höfuðstóll félagsins sé ekki skertur. Nú er ljóst að eigið féð hefur lækkað, ávöxtun eigna félagsins er neikvæð og ekki góðar horfur í ávöxtun út árið. Skv. markmiði félagsins skal þó að lágmarki greiða út kr. 50 milljónir króna.

Í ljósi ofangreindra þátta ákvað stjórn EBI að ágóðahlutur ársins 2022 verði lágmarksgreiðslan, þ.e. kr. 50 milljónir þrátt fyrir að 3ja ára meðaltalið sé hærra.

Árið 1998 markaði upphaf ágóðahlutagreiðslna til aðildarsveitarfélaga EBI. Fulltrúaráð félagsins hefur hvatt aðildarsveitarfélögin til að nýta þetta framlag til að stuðla að bættum bruna- og forvörnum í sveitarfélögunum enda hefur það ávallt verið megintilgangur þessa framlags. Því er það afar ánægjulegt að vita til þess að á núvirði hafa verið greiddir út úr félaginu **7,7 milljarðar** á þessu tímabili.

Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBI er 2,245 % og greiðsla ársins þann 28. október verður þá hlutfall af kr. 50 milljónum eða kr. **1.122.500.-**

Aðstæður á fjármálamörkuðum hafa ekki alltaf verið hagfelldar en þrátt fyrir það mun félagið áfram hafa það að leiðarljósi að vera traustur bakhjarl í forvarnarstarfi í brunamálum og að ávöxtun félagsins renni til aðildarsveitarfélaganna, íbúum þeirra til hagsbóta.

Með bestu kveðju,

Anna Sigurðardóttir
Framkvæmdastjóri EBI.

Kristinn Jónasson

From: Ingibjörg Hinriksdóttir <ingibjorg.hinriksdottir@samband.is>
Sent: mánudagur, 31. október 2022 13:40
To: Valur Rafn Halldórsson
Subject: Ályktanir Hafnasambandsþings 2022 og ný stjórn HÍ
Attachments: alyktanir 2022.pdf

Sent til aðildarhafna Hafnasambands Íslands

Hafnasambandsþing 2022

Hafnasambandsþing var haldið í Félagsheimilinu Klifi Snæfellsbæ dagana 27. og 28. október sl. Þingið sátu alls 102 þátttakendur og gestir. Á þinginu var ný stjórn hafnasambandsins kjörin fyrir árin 2022-2024 og verður stjórnin þannig skipuð:

- Lúðvík Geirsson Hafnarfjarðarhöfn, formaður
- Alexandra Jóhannesdóttir Skagastrandarhöfn
- Arnfríður Eide Fjarðabyggðahöfnum
- Elliði Vignisson Þorlákshöfn
- Gunnar Tryggvason Faxaflóahafnir
- Pétur Ólafsson, Hafnasamlagi Norðurlands og
- Þórdís Sif Sigurðardóttir, Höfnum Vesturbyggðar

Varamenn árin 2022-2024 verða:

- Björn Arnaldsson, Höfnum Snæfellsbæjar
- Dóra Björk Gunnarsdóttir Vestmannaeyjahöfn og
- Hanna Björg Konráðsdóttir, Reykjaneshöfn

Ályktanir

Fjöldi ályktana voru samþykktar á þinginu og eru þær meðfylgjandi í þessum pósti. Ályktanirnar eru eftirfarandi:

- Ályktun um stuðning við orkuskipti í höfnum
- Ályktun um skipaafdreip (neyðarhöfn)
- Ályktun um öryggi og aðgengi að höfnum
- Ályktun um veiðarframaúrgang
- Ályktun um flokkun úrgangs í skipum
- Ályktun um framlög til nýframkvæmda og endurbóta
- Ályktun um aflagjöld á eldisfisk og eldisseiði
- Ályktun um farþegaþjald
- Ályktun um áherslur við endurskoðun hafnalaga
- Ályktun um ytri mörk hafnarsvæða
- Ályktun um árgjald og fjárhagsáætlun 2023-2024

Lilja Ólafardóttir

From: Eygerður Margrétardóttir <eygerdur.margretardottir@samband.is>
Sent: mánudagur, 7. nóvember 2022 19:04
Cc: Eygerður Margrétardóttir
Subject: Nýtnivikan 2022 – sóun er ekki lengur í tísku!
Attachments: evropska_nytnivikan_plakat_A3_prentskjal.pdf; evropska_nytnivikan_plakat_A4.pdf; Fataskiptimarkadur_auglysing_FB.jpg; Fataskiptimarkadur_leidbeiningar_FB.jpg; Fataskiptimarkadur_prent.pdf

Sent til sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga

Góðan dag,

sambandið hefur verið beðið um að koma því á framfæri að Evrópska Nýtnivikan verður haldin 19.-27. nóvember nk. en markmið vikunnar er að hvetja til aukinnar nýtni og draga úr myndun úrgangs. Þema vikunnar í ár eru föt og annar textíll undir slagorðinu „**Sóun er ekki lengur í tísku!**“. Frekari upplýsingar um vikuna eru hér að neðan og í viðhengi er kynningarefni frá Umhverfisstofnun, m.a. efni sem hægt er að nýta til að setja upp fataskiptimarkað.

Við biðjum ykkur að senda þessar upplýsingar áfram til þeirra sem gætu haft áhuga á málinu, s.s. til bókasafna og skóla.

Dagana 19.-27. nóvember næstkomandi stendur evrópsk Nýtnivika yfir en markmið átaksins er að hvetja fólk til að draga úr óþarfa neyslu, nýta hluti betur og draga þannig úr myndun úrgangs. Þema ársins er sjálfbærni og hringrás textíls undir slagorðinu *Sóun er ekki lengur í tísku!* Textíliðnaðurinn er einn sá umfangsmesti í heimi og honum fylgir gríðarleg efnanotkun, ferskvatnsmengun og losun gróðurhúsalofttegunda svo það skiptir miklu að draga úr sóun textíls.

Í tilefni Nýtnivikunnar eru sveitarfélög, fyrirtæki, stofnanir, skólar og almenningur hvött til þess að fræðast um umhverfisáhrif textíls og leggja sitt af mörkum til að skapa hringrásarhagkerfi textíls í samfélaginu. Til að mynda getið þið sett upp fataskiptimarkað á ykkar vinnustað og í viðhengi sjáið þið kynningarefni sem þið getið nýtt ykkur. Svo er um að gera að gefa hugmyndafluginu lausan tauminn, halda viðgerðarkaffi, fyrirlestra eða hvað eina sem styður við minni sóun.

Við hvetjum alla þá sem munu standa fyrir viðburðum eða öðru tengdu Nýtnivikunni í ár að deila því með okkur á Facebook síðu Nýtnivikunnar með því að senda okkur skilaboð og við deilum því áfram. Einnig er hægt að hafa samband við okkur í gegnum netfangið samangegnsoun@samangegnsoun.is og munið að taka myndir og tagga okkur og nýtnivikuna!

#samangegnsoun #nytnivikan #ewwr2022

Með bestu kveðjum,
Starfsfólk Saman gegn sóun hjá Umhverfisstofnun
Birgitta, Hugrún og Þorbjörg

P.s. Umhverfisstofnun heldur úti verkefninu Saman gegn sóun og á Facebook, Instagram og heimasíðu verkefnisins má finna upplýsingar um umhverfis- og samfélagsleg áhrif textíliðnaðarins og lausnir við þeim vanda sem iðnaðurinn stendur frammi fyrir.



Með kveðju,



Eygerður Margrétardóttir

sérfræðingur í umhverfis- og úrgangsmálum

Beint innval: 515 4942

Netfang: eygerdur.margretardottir@samband.is

Samband íslenskra sveitarfélaga

Borgartúni 30, pósthólf 8100 128 Reykjavík

Sími: 515 4900 // Fax: 515 4903

www.samband.is



Hefur þitt sveitarfélag áhuga á að taka leiðandi hlutverk í vinnu við þróun aðlögunaraðgerða vegna áhrifa loftslagsbreytinga á sveitarstjórnarstigi?

Þegar kemur að loftslagsbreytingum hefur megináherslan hingað til verið lögð á að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Áhrifa loftslagsbreytinga er þó farið að gæta í sífellt meira mæli og ljóst að þau verða okkur áskorun til framtíðar. **Aðlögun að loftslagsbreytingum** er því að verða stöðugt mikilvægari.

Sveitarfélög koma til með að þurfa að taka aðlögun inn í alla ákvarðanatöku í framtíðinni, sérstaklega hvað varðar skipulagsmál, fjárfestingar og uppbyggingu, styrkingu innviða og félagslegra kerfa.

Sérstök aðgerð hefur verið skilgreind í núgildandi Byggðaáætlun 2022-2026. Snýr hún að því að móta heildstæða nálgun íslenskra sveitarfélaga að aðlögun að loftslagsbreytingum (aðgerð C.10.). Aðgerðin er á ábyrgð Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins og er framkvæmd í samstarfi við Byggðastofnun, Skipulagsstofnun og Skrifstofu loftslagsþjónustu og aðlögunar hjá Veðurstofu Íslands.

Á grundvelli aðgerðarinnar er **óskað eftir þátttöku nokkurra sveitarfélaga** við að móta aðferðafræði fyrir sveitarfélög til þess að bregðast við afleiðingum loftslagsbreytinga. Gert er ráð fyrir því að 4-5 sveitarfélög verði valin til þess að vinna náið með sérfræðingum fyrrnefndra stofnana að því að þróa og prufukeyra aðferðafræðina.

Verði eftirspurnin umfram það, mun framkvæmdarteymi verkefnisins velja til þátttöku með það fyrir augum að verkefnið spanni sem fjölbreyttastan hóp sveitarfélaga m.t.t. stærðar, lykilatvinnugreina og veðurfars(loftslags)tengdra áskorana. Þeim sveitarfélögum sem sækjast eftir þátttöku en verða ekki fyrir valinu verður boðið að taka þátt í bakhópi verkefnisins sem ætlaður er til skoðanaskipta, upplýsingamiðlunar og stuðnings.

Vinnan felur m.a. í sér greiningar á áhættu og aðlögunarhæfni sveitarfélaganna sem um ræðir, hvar aðlögunar er þörf og hvernig henni skal háttað. Vinnunni er ætlað að skila tveimur meginafurðum:

- **Aðgerðapakka vegna aðlögunar að loftslagsbreytingum fyrir sveitarfélögin sem taka þátt.**
- **Leiðbeiningarit sem gagnast mun öðrum sveitarfélögum í aðlögunarvinnu í framtíðinni.**

Gert er ráð fyrir að verkefnið hljóti fjármögnun frá stjórnvöldum svo framlag sveitarfélaga verður einungis á formi vinnuframlags. Þá helst funda og ráðgjafar til framkvæmdaraðila og í einhverjum tilfellum gagnaöflunar. Umfang slíkrar vinnu mun ráðast af þeim áhættuþáttum sem skoðaðir verða hjá hverju sveitarfélagi fyrir sig en það verður ákveðið í samráði við viðkomandi sveitarfélag.

Hvaða gagn hefur þitt sveitarfélag af þátttöku?

- Gott tækifæri til þess að fá aðstoð við að vinna að aðkallandi verkefnum innan aðlögunar sem ljóst er að öll sveitarfélög þurfa að fást við á einhvern hátt í náinni framtíðinni.
- Einstakt tækifæri til þess að vinna með fagstofnunum og öðrum viðeigandi aðilum til þess að afla mikilvægra gagna um þær ógnir sem þitt sveitarfélag stendur frammi fyrir vegna loftslagsbreytinga. Þar má nefna áhættumat v. loftslagsbreytinga og greiningar á aðlögunarhæfni og berskjöldun atvinnugreina, innviða og samfélags gagnvart helstu áhættum.



- Aðgerðarpakki sem sveitarfélagið þitt getur nýtt sér til framtíðar, þar sem aðlögunaraðgerðir hafa verið mótaðar, þeim forgangsraðað og þær kostnaðargreindar út frá fyrrnefndum greiningum. Athugið, að sveitarfélagið er með þessu ekki að skuldbinda sig til innleiðingar á umræddum aðgerðum.
- Fræðsla og upplýsingar um verkefni og áskoranir sveitarfélaga innan aðlögunar, sem og regluleg samskipti við önnur sveitarfélög innan málaflokksins.
- Sveitarfélagið tekur leiðandi hlutverk við að þróa leiðarvísi í átt að aðlögun fyrir önnur sveitarfélög á Íslandi og vera þannig fordæmisgefandi fyrir önnur sveitarfélög, bæði héraendis og erlendis.

Áhugasömum er bent á að setja sig í samband við Ragnhildi Friðriksdóttur hjá Bygðastofnun (ragnhildur@byggdastofnun.is) eigi síðar en **18. nóvember 2022**.



Kynningu á skýrslu um stöðu og áskoranir þjóðgarða og annarra friðlýstra svæða

Guðlaugur Þór Þórðarson, umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, skipaði síðastliðið vor þriggja manna starfshóp sem fékk það hlutverk að vinna skýrslu sem varpa á ljósi á stöðu friðlýstra svæða á Íslandi og áskoranir sem þeim fylgja.

Starfshópurinn hefur skilað ráðherra skýrslu sinni og verða niðurstöður hennar kynntar á fundi sem haldinn verður í Kaldalónssalnum í Hörpu miðvikudaginn 9. nóvember kl. 10:30.

Starfshópurinn skipuðu þau:

- Árni Finnsson, formaður hópsins
- Guðrún Svanhvít Magnúsdóttir
- Sveinbjörn Halldórsson

Víðtækt samráð var haft við hagaðila við gerð skýrslunnar og byggði hópurinn við vinnu sína auk gagna og rannsókna sem fyrir liggja, á ýmsum ábendingum frá þeim sem mættu á fund starfshópsins eða sendu inn upplýsingar. Í skýrslunni eru helstu niðurstöður dregnar saman í svokallaða lykilþætti auk gagnlegra upplýsinga um stöðu málaflokksins. Mikilvægur lykilþáttur sem oft kom upp í vinnu hópsins er traust á milli stjórnvalda og hagaðila þegar unnið er að undirbúningi friðlýsinga, innleiðingu regluverks og uppbyggingu innviða.

Á fundinum verða einnig kynntar niðurstöður skoðanakönnunar sem gerð var í tengslum við vinnu starfshópsins, þar sem m.a. koma fram áhugaverðar niðurstöður varðandi viðhorf til gjaldtöku á friðlýstum svæðum.

Á Íslandi eru 130 friðlýst svæði, þar af þrír þjóðgarðar. Svæðin eru undir stjórn þriggja stofnana og umsjón með svæðunum og stjórnfyrirkomulag á þeim er því með ólíkum hætti. Á undanförunum árum hefur farið fram umræða um tækifæri og áskoranir sem fylgt geta því að friðlýsa landsvæði á Íslandi. Þá er tilgreint í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að á kjörtímabilinu verði, með breytingu á lögum um Vatnajökulþjóðgarð, stofnaður þjóðgarður á þegar friðlýstum svæðum og jöklum á þjóðlendum á hálendinu. Er skýrslunni ætlað að vera grunnur fyrir frekari skoðun á þessu skipulagi.

Hagaðilum og fjölmiðlum er velkomið að vera viðstaddir kynninguna og mun starfshópurinn vera til svara um efni skýrslunnar. Kynningin verður einnig aðgengileg í beinu streymi.

Vinsamlegast tilkynnið um þátttöku á staðfundum á netfangið uar@uar.is fyrir kl. 14, þriðjudaginn 8. nóvember.

Snæfellsbær



FJÁRHAGSÁÆTLUN
Aðalsjóðs, A-hluta og B-hluta stofnana
Snæfellsbæjar fyrir árið 2023

Stofnanir Snæfellsbæjar

SAMTALS ADALSJÓÐUR

	Tekjur	Laun	Vörku kaup	Þjónustukaup	Innri leiga	Skattar	Vextir	Styrkir	Samtals
00	-2.176.100.000	0	0	0	0	0	0	0	-2.176.100.000
02	-16.350.000	43.595.000	250.000	6.550.000	0	0	0	182.220.000	216.265.000
03	0	0	0	1.000.000	0	0	0	0	1.000.000
04	-71.590.000	856.795.000	62.935.000	109.110.000	68.230.000	0	0	1.475.000	1.026.955.000
05	-920.000	6.775.000	7.430.000	14.805.000	0	0	0	36.475.000	64.565.000
06	-46.300.000	160.155.000	29.270.000	27.875.000	44.680.000	0	0	30.900.000	246.580.000
07	0	16.085.000	4.190.000	6.295.000	4.310.000	500.000	0	3.050.000	34.430.000
08	-30.780.000	1.625.000	600.000	52.730.000	0	0	0	2.500.000	26.675.000
09	-2.950.000	37.270.000	520.000	26.520.000	0	0	0	22.000.000	83.360.000
10	-2.700.000	0	3.800.000	15.400.000	0	0	0	0	16.500.000
11	-750.000	26.775.000	2.450.000	27.850.000	0	0	0	1.400.000	57.725.000
13	-25.250.000	17.585.000	2.950.000	19.830.000	0	0	0	750.000	15.865.000
21	-44.100.000	119.125.000	3.775.000	70.770.000	0	0	0	19.155.000	168.725.000
22	0	27.500.000	0	500.000	0	0	0	0	28.000.000
27	0	0	0	0	1.530.000	0	0	70.000.000	71.530.000
28	0	0	0	0	0	0	-46.500.000	0	-46.500.000
00	-2.417.790.000	1.313.285.000	118.170.000	379.235.000	118.750.000	500.000	-46.500.000	369.925.000	-164.425.000

Stofnanir Snæfellsbæjar

SAMTALS A- OG B-HLUTA SJÓDIR SNÆFELLSBÆJAR 2020

	Tekjur	Laun	Vörukaup	Þjónustukaup	Innri leiga	Skattar	Vextir	Afskriftir	Styrkir	Samtals
00	-2.417.790.000	1.313.285.000	118.170.000	379.235.000	118.750.000	500.000	-46.500.000	0	369.925.000	-164.425.000
31	-31.745.000	12.330.000	4.720.000	32.700.000	-118.750.000	39.475.000	117.000.000	91.165.000	8.760.000	155.655.000
33	-82.060.000	48.375.000	10.650.000	7.905.000	0	1.210.000	0	3.445.000	2.400.000	-8.075.000
A-hluta sjóðir										
	-2.531.595.000	1.373.990.000	133.540.000	419.840.000	0	41.185.000	70.500.000	94.610.000	381.085.000	-16.845.000
35	-12.750.000	330.000	3.040.000	4.690.000	0	1.400.000	0	2.025.000	1.230.000	-35.000
37	-29.400.000	7.265.000	4.185.000	11.785.000	0	3.850.000	0	6.280.000	1.620.000	5.585.000
41	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
43	-111.000.000	0	16.915.000	49.980.000	0	110.000	14.300.000	10.085.000	17.280.000	-2.330.000
53	-313.000.000	216.670.000	29.750.000	12.095.000	0	4.110.000	10.000.000	6.185.000	2.760.000	-31.430.000
55	-10.150.000	0	200.000	590.000	0	1.460.000	11.000.000	1.775.000	810.000	5.685.000
57	-41.895.000	0	1.825.000	7.090.000	0	6.680.000	15.300.000	7.090.000	2.500.000	-1.410.000
B-hluta sjóðir										
	-518.195.000	224.265.000	55.915.000	86.230.000	0	17.610.000	50.600.000	33.440.000	26.200.000	-23.935.000
Samstæðureikningurinn										
	-3.049.790.000	1.598.255.000	189.455.000	506.070.000	0	58.795.000	121.100.000	128.050.000	407.285.000	-40.780.000

Fjárhagsáætlun fyrir rekstur Samstæðunnar árið 2023

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrartekjur								
Skatttekjur	1.285.800	1.400.000	1.471.600	1.527.100	1.285.800	1.400.000	1.471.600	1.527.100
Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga	495.100	460.500	528.400	587.500	495.100	460.500	528.400	587.500
Aðrar tekjur	273.365	281.505	328.268	416.995	835.645	867.447	993.228	935.190
Tekjur alls	2.054.265	2.142.005	2.328.268	2.531.595	2.616.545	2.727.947	2.993.228	3.049.790
Rekstrargjöld								
Laun og launatengd gjöld	(1.134.635)	(1.211.045)	(1.311.540)	(1.373.990)	(1.385.110)	(1.492.439)	(1.617.382)	(1.598.255)
Annar rekstrarkostnaður	(464.995)	(471.555)	(486.448)	(553.380)	(610.785)	(633.226)	(662.999)	(695.525)
Afskriftir	(78.010)	(82.685)	(85.160)	(94.610)	(135.363)	(140.906)	(144.992)	(128.050)
Skattar og önnur opinber gjöld	(28.905)	(30.250)	(31.995)	(41.185)	(43.995)	(45.615)	(48.578)	(58.795)
Styrkir og framlög	(332.350)	(352.265)	(393.270)	(381.085)	(351.910)	(371.825)	(422.110)	(407.285)
Gjöld alls	(2.038.895)	(2.147.800)	(2.308.413)	(2.444.250)	(2.527.163)	(2.684.011)	(2.896.061)	(2.887.910)
Afkoma fyrir vexti	15.370	(5.795)	19.855	87.345	89.382	43.936	97.167	161.880
Fjármunatekjur	92.300	92.800	89.000	184.500	93.149	93.493	89.555	184.500
Fjármagnsgjöld	(108.700)	(111.400)	(108.700)	(255.000)	(144.050)	(149.621)	(150.261)	(305.600)
Afkoma ársins	(1.030)	(24.395)	155	16.845	38.481	(12.192)	36.461	40.780
Fjárfestingar	100.000	170.000	212.000	0	422.780	495.190	496.150	0

Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2023

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Eignir								
Fastafjármunir								
Fasteignir, lóðir og lendur	2.505.500	2.672.000	2.610.000	2.909.800	3.110.000	3.270.000	3.207.500	3.467.700
Veitukerfi	0	0	0	0	384.000	386.000	398.500	405.000
Hafnarmannvirki	0	0	0	0	700.000	700.000	900.000	0
Gatnakerfi	375.000	440.000	585.000	580.000	375.000	440.000	580.000	580.000
Áhöld og tæki	175.000	183.000	171.500	190.000	212.100	222.600	206.500	204.300
Eignarhlutur í félögum	310.000	310.000	310.000	310.000	310.045	310.045	310.045	310.000
Langtímakröfur á eigin fyrirtæki B	665.000	681.565	750.000	805.000	0	0	0	0
Aðrar langtímakröfur	500	250	250	0	500	250	250	0
Fastafjármunir alls	4.031.000	4.286.815	4.426.750	4.794.800	5.091.645	5.328.895	5.602.795	4.967.000
Veltufjármunir								
Vörubirgðir	0	0	0	0	400	0	0	0
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	100.000	110.000	110.000	100.000	113.000	122.800	122.800	102.100
Hafnabótasjóður	0	0	0	0	3.400	3.400	0	0
Næsta árs afb. langtímakrafna	70.000	70.000	75.000	80.000	70.000	70.000	75.000	80.000
Aðrar skammtímakröfur	40.000	40.000	40.000	25.000	40.200	40.150	43.600	25.050
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki B	60.200	131.650	6.650	0	0	0	0	0
Handbært fé	100.000	100.000	100.000	145.000	165.000	165.000	165.000	145.000
	370.200	451.650	331.650	350.000	392.000	401.350	406.400	352.150
Eignir	4.401.200	4.738.465	4.758.400	5.144.800	5.483.645	5.730.245	6.009.195	5.319.150

Fjárhagsáætlun fyrir efnahag Samstæðunnar árið 2023

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Eigið fé og skuldir								
<u>Eigið fé</u>								
Eigið fé	2.957.000	3.089.265	3.014.400	3.269.800	3.595.645	3.674.145	3.873.945	3.179.850
Eigið fé	2.957.000	3.089.265	3.014.400	3.269.800	3.595.645	3.674.145	3.873.945	3.179.850
<u>Skuldir</u>								
Langtímaskuldir og skuldbindingar								
Lífeyrisskuldbinding	450.000	475.000	480.000	575.000	461.000	486.000	492.000	588.500
Langtímalán	700.000	900.000	900.000	925.000	1.058.500	1.226.150	1.208.500	1.115.000
Búseturéttur	0	0	0	0	26.000	26.000	23.000	25.500
Langtímaskuldir og skuldbindingar	1.150.000	1.375.000	1.380.000	1.500.000	1.545.500	1.738.150	1.723.500	1.729.000
Skammtímaskuldir								
Viðskiptaskuldir	70.000	70.000	80.000	45.000	82.000	80.000	90.000	45.000
Næsta árs afborganir langtímalána	140.000	120.000	180.000	200.000	165.900	142.900	209.900	226.000
Aðrar skammtímaskuldir	84.200	84.200	104.000	130.000	94.600	95.050	116.850	139.300
Skammtímaskuldir	294.200	274.200	364.000	375.000	342.500	317.950	416.750	410.300
Skuldir og skuldbindingar alls	1.444.200	1.649.200	1.744.000	1.875.000	1.888.000	2.056.100	2.140.250	2.139.300
Eigið fé, skuldir og skuldbindingar	4.401.200	4.738.465	4.758.400	5.144.800	5.483.645	5.730.245	6.014.195	5.319.150

Fjárhagsáætlun fyrir sjóðstreymi Samstæðunnar árið 2023

	A-hluta sjóðir				Samstæðan			
	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023	Áætlun 2020	Áætlun 2021	Áætlun 2022	Áætlun 2023
Rekstrarhreyfingar								
Rekstrarafkoma ársins	(1.030)	(24.395)	155	16.845	38.481	(12.192)	36.461	40.780
Afskriftir	78.010	82.685	85.160	94.610	135.363	140.906	144.992	94.610
Söluþap fastafjármuna	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting á lífeyrisskuldbindingu	25.000	25.000	25.000	95.000	24.500	25.000	25.500	96.500
Verðbætur af skuldum og eignum	53.600	60.200	62.000	60.000	73.450	81.700	88.700	99.300
	155.580	143.490	172.315	266.455	271.794	235.414	295.653	331.190
Veltufé frá rekstri								
Vörubingðir, breyting	0	0	0	0	0	0	0	0
Aðrar rekstrartengdar eignir (hækkun), lækkun	12.165	10.000	15.000	(12.520)	13.320	12.000	17.000	(16.865)
Greitt vegna lífeyrisskuldbindingar	0	0	(20.000)	(25.000)	0	0	(20.000)	(25.000)
Rekstrartengdar skuldir (lækkun)	15.000	10.035	(2.925)	20.000	13.000	(2.465)	(31.670)	20.000
Handbært fé (til) frá rekstri	182.745	163.525	164.390	248.935	298.114	244.949	260.983	309.325
Fjárfestingahreyfingar								
Afborganir langtímaverðbréfa	500	500	500	500	500	500	500	500
Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum	(100.000)	(170.000)	(212.000)	(219.500)	(422.780)	(495.190)	(496.150)	(219.500)
Keypt fjárfestingaverðbréf	(3.500)	(3.500)	0	0	(3.500)	(53.500)	0	0
Langtímakröfur við eigin fyrirtæki, breyting	0	(51.050)	(2.400)	0	0	0	0	0
Fjárfestingarhreyfingar	(103.000)	(224.050)	(213.900)	(219.000)	(425.780)	(548.190)	(495.650)	(219.000)
Fjármögnunarhreyfingar								
Nýjar langtímalán	40.000	200.000	200.000	100.000	100.000	210.000	200.000	100.000
Afborganir langtímaskulda	(140.000)	(140.000)	(180.000)	(185.000)	(173.900)	(171.400)	(209.900)	(211.000)
Framlag ríkissjóðs til hafnargerðar	0	0	0	0	105.887	199.650	123.000	0
Skuld við aðalsjóð	0	0	0	0	0	0	0	0
Breyting búseturéttar	0	0	0	0	0	0	0	0
Viðskiptastaða eigin fyrirtækja, breyting	0	0	0	0	0	0	35.770	0
Fjármögnunarhreyfingar	(100.000)	60.000	20.000	(85.000)	31.987	238.250	148.870	(111.000)
Lækkun handbærs fjárs	(20.255)	(525)	(29.510)	(55.065)	(95.679)	(64.991)	(85.797)	(20.675)
Handbært fé í upphafi árs	75.000	75.000	100.000	145.000	140.000	140.000	165.000	145.000
Handbært fé í lok árs	54.745	74.475	70.490	89.935	44.321	75.009	79.203	124.325